

Sp.

390. Fyrirspurn

[226. mál]

til félagsmálaráðherra um leigu og sölu fasteigna o. fl.

Frá Ragnari Arnalds.

1. Mun félagsmálaráðherra eiga frumkvæði að því, að sett verði lög um leigu og sölu fasteigna í samræmi við þingsályktunartillögu, sem vísað var til ríkisstjórnarinnar 6. apríl 1973?
2. Er ráðherra hlynntur því, að sett verði ákvæði um hámarksleigu íbúðarhúsnæðis?
3. Vill ráðherra beita sér fyrir því, að húsaleiguútgjöld verði frádráttarbær við álagningu tekjuskatts?
4. Verða ráðstafanir gerðar af hálfu Húsnæðismálastofnunar ríkisins til að tryggja, að íbúðir, sem byggðar hafa verið í Breiðholti í þágu láglaunafólks af Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar, séu ekki misnotaðar í hagnaðarskyni?